

til laga um forkaupsrjett á jörðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Þegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikið verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann hafa rjett til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sje honum eigi gerð erfðari borgunarkjör, eða aðrir skilmálar, en í raun og veru standa til boða hjá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrjetti, það sem eftir er af ábúðartíð hans, meðan jörð er óbygð. En frá þeim tíma á sá forkaupsrjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefir fengið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sjerhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa, þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

2. gr.

Nú er jörð til sölu, sem er í sjálfsábúð, og á enginn þeirra, er í 1. gr. getur, forkaupsrjett; á þá sveitarfjelag það, er hún liggur í, forkaupsrjettinn, að öðru jöfnu. Hið sama gildir, ef afrjettarlönd eða óbygð lönd, er nota má til afrjetta, eru seld út af fyrir sig, að þá á sveitarfjelag eða sveitarfjelög þau, re landið liggur undir, forkaupsrjettinn.

3. gr.

Nú eru ítök, skógar, vatnsnot eða önnur jarðargögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrjett til kaups eða leigu, er land á undir.

4. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsrjettinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan háls mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja. Sama er og um leigurjett samkvæmt 3. gr.

Rjett er að bjóða sveitarljelagi kaup, að frágengnum þeim, er forkaupsrjettinn á, þótt hann sje enn eigi búinn að afsala sjer forkaupsrjettinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrjett á samkvæmt 1., 2. og 3. gr., um að hann afsali sjer forgangsrjettinum, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

6. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmælanna í 1.—7. gr., getur sá, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.